

Tækniminjasafn Austurlands

Stjórnarfundur 16. Apríl 2015 kl. 16:17 (endurrit úr fundagerðabók)

Mættir eru. Árni Elísson, Páll Guðjónsson, Rúnar Loftur Sveinsson og Rannveig Þórhallsdóttir, ásamt Pétri Kristjánssyni, safnstjóra.

1. Fjármál safnsins: og 2. Rekstur.

Pétur segir frá rekstrinum. Safnið er rekið á sirka 1/3 af því sem það var rekið á fyrir hrun. Safnið hefur ekki yfirdrátt og engar skuldir. Safnstjóri skrifar ekki á sig yfirvinnu. Staðan í ár er: handbært fé, væntanleg og þekkt framlög eru rúmlega 10.7 m, emn þar af styrkur frá Austurbrú 1.050. Þ frá síðasta ári. Rekstrarfé er 6 m., styrkir til verkefna eru 2.4 m. Árni leggur til að ferðaþjónustan komi að rektri safnsins með fjárframlagi á einhvern hátt. Síminn hefur styrkt safnið fyrir hrun og unnið er að tengslum, ennig er unnið að tengingu við Rarik. Hugmyndir uppi um margvíslegar tengingar við ferðaþjónustuna. Leita þarf til Afls með fast fjárframlag, sem og til Síldarvinnslunnar. Komin tenging við Smyril Line. (3. milljónir í vinnslu.)

3. Framkvæmdir:

Pétur kynnir framkvæmdir. Gerð var ferlisáætlun, hluti af henni var að útbúa 3 salerni, m.a. með hjólastólaaðgengi. Áætlun var 6. m., kostn. er 3. m. (styrkur 1.4 m.), með vinnuframlagi safnstjóra sem hefur þið sjálfur og haldið kostnaði í lágmarki.

4. Staða endurbóta skipasmíðastöðvar:

Óvæntur styrkur kom frá forsætisráðherra, 15. m. kr., til endurbóta á ytra byrði skipasmíðastöðvarinnar. Verkefninu er að mestu leyti lokið. Rúnar Loftur vikur af fundi vegna anna kl. 17:23.

5. Smiðjuhátíð.

Í fyrra hafði hótelið ekki tök á því að elda matinn f. Smiðjuhátíð og þar af leiðandi var kostnaði haldið niðri. Vinna stendur yfir m. styrkveitingar f. Árið 2015. Hugmyndir er uppi um að fá tíu sjálfbóðaliða frá Seeds til að halda utan um störf við Smiðjuhátíð (elda, þrífa), Umsókn fór í nýja menningarsj. 3. m., ekki komið svar. Stefnan tekin á að leita til fyrirtækja e. Styrkjum ef framlag kemur ekki frá nýja menningarsjóði. Oddur, Goddur og radíóamatörarbókaðir, Elfar sýnir „smíði gamla glugga“.

6. Símstöðin og fasteignafjöld.

Ljóst er að stjórn og framkvæmdastjóri þurfi að semja erindi til bæjarráðs um fasteignagjöld og eignarhald og notkun húsa safnsins og stefnu í þeim málum. Pétri falið að senda erindi sem fyrst, á bæjaryfirvöld og sýslumann vegna málsins. Sjá lög um tekjustofn sveitarfélaga.

7. Sýningar:

Endurnýjun í gangi á sýningum.

8. Sumarstarfsfólk.

Avanti vinnur í sumar. Pétur tekur ekki sumarfrí fyrr en í haust, stjórn ýti á að fá 2 auka starfsmenn úr unglíngavinnunni.

Fundi slitið kl. 17:46 og stjórn fór í stutta skoðunarferð um húsið til að skoða framkvæmdir.

Fundargerð ritaði Rannveig Þórhallsdóttir (Undirritað:)

Árni Elísson (Undirritað:)

Páll Þ. Guðjónsson (Undirritað:)

Pétur Kristjánsson (Undirritað:)